





Efnahagslegt samhengi kjarasamninga

Hvernig varðveitum við jákvæða efnahagslega stöðu?

Fundaröð í aðdraganda kjarasamninga. Samtal um framtíðina.



Mál málanna í dag



Samningsáherslur SA

Forsíða

2. október 2018

Samtök atvinnulífsins birta samningsáherslur

Samtök atvinnulífsins hafa sent formönnum verkafélaga á almennum vinnumarkaði bréf þar sem áherslur SA í komandi kjaraviðræðum eru settar fram. Miklu máli skiptir fyrir atvinnulífið og launafólk að vel takist til við endurnýjun samninga um áramótin sem ná til á þriðja þúsund aðildarfyritækja SA og 110 þúsund starfsmanna þeirra.



Áherslur SA í komandi samningaviðræðum

- 1 Aðgerðir á fasteignamarkaði
- 2 Aukinn sveigjanleiki og fjölskylduvænn vinnumarkaður
- 3 Aukin framleiðni með nýrri nálgun
- 4 Samábyrgð vegna einstaklinga með skerta starfsgetu



Helstu einkenni íslensks vinnumarkaðar




Helstu einkenni núverandi hagvaxtarskeiðs

Launahlutfall er hátt á Íslandi. Hvergi rennur meiri hluti virðisauka til launþega en á Íslandi.

Launahlutfall OECD ríkja árið 2017

% af vergum þáttatekjum



?

Hvað er launahlutfall?

Launahlutfall er mælikvarði á hvernig virðisaukinn skiptist milli launþega og fjármagnseigenda. Launahlutfall á Íslandi er það hæsta meðal OECD ríkja.

Launahlutfall = Laun og launatengd gjöld/vergunum þáttatekjum

!

Hin hliðin á teningnum


Hækkun launahlutfalls bendir til þess að launagreiðslur aukist hraðar en arðsemi rekstrar. Hlutur fyrirtækja í virðisauka minnkar því samhliða. Of hátt launahlutfall dregur úr samkeppnishæfni, fjárfestingu og hagvexti til framtíðar. 100% launahlutfall myndi t.a.m. þýða að enginn hagnaður væri af fyrirtækjarekstri.

EBITDA fyrirtækja = Vergar þáttatekjur – laun og launatengd gjöld

Laun á Íslandi eru há. Einungis Svisslendingar borga hærri meðallaun en Íslendingar.

Meðallaun á mánuði árið 2017


- þús. evrur, m.v. gengi gjaldmiðla 29. október 2018



Priðju hæstu lágmarkslaunin. Lágmarkslaun á Íslandi hafa hækkað mikið á undanförunum árum.


Lágmarkslaun á mánuði árið 2018

- þús. evrur, m.v. gengi gjaldmiðla 29. október 2018




Hvergi er meiri tekjujöfnuður en á Íslandi.


Tekjujafnaðarstuðull (GINI) ráðstöfunartekna eftir Evrópulandi 2016



Staðreyndir tala sínu máli. Ísland er hálaunaríki með mesta tekjujöfnuð í heimi.



2. sæti

Næsthæstu meðallaun í heimi¹

3. sæti

Þriðju hæstu lágmarkslaun í heimi¹

1. sæti

Mesti tekjujöfnaður í heimi




¹Miðað við OECD og non-OECD, þau ríki sem gögn eru til um.

Dýrasta landið en einn mesti kaupmátturinn. Þrátt fyrir að á Íslandi sé hæsta verðlag innan OECD þá er kaupmáttur launa meiri en í flestum samanburðaríkjum.


Verðlag samræmdrar neyslukörfu í ágúst 2018

- vísitala, Ísland = 100




Meðallaun á mánuði árið 2017 (PPP leiðrétt)

- þús. evrur, m.v. PPP stuðla 2017 og gengi USD gagnvart EUR í október 2018



Lágmarkslaun á mánuði árið 2018 (PPP leiðrétt)


- þús. evrur, m.v. PPP stuðla 2017 og gengi USD gagnvart EUR í október 2018



Nafnlaunahækkarnir eru ekki ávísun á aukinn kaupmátt. Íslenska leiðin hefur fyrst og fremst skilað verðbólgu. Frá þjóðarsátt hafa laun hækkað um 430% en kaupmáttur launa um 75%.

Próun launa og kaupmáttar

- frá 1990-2017




Krónutöluhækkarnir ekki ávísun á aukinn kaupmátt

- Laun í krónum hafa ríflega **fimmfaldast** frá árinu 1989...
- ... en raunveruleg verðmæti launa hafa aðeins vaxið um **75%**.
- Þó laun geti hækkað í krónum þá stjórnast kaupmáttur af **framleiðnivexti**.
- Launahækkarnir umfram framleiðnivöxt leiðréttast með **aukinni verðbólgu**.

Nafnlaunahækkarnir eru ekki ávísun á aukinn kaupmátt. Íslenska leiðin hefur fyrst og fremst skilað verðbólgu. Frá þjóðarsátt hafa laun hækkað um 430% en kaupmáttur um 75%.


Ísland og Norðurlöndin: Nafnlaunapróun

- frá 1990-2017



Ísland og Norðurlöndin: Verðbólga, kaupmáttur og vextir

- frá 1990-2017



Heimildir: Hagstofa Íslands og Macrobond.




Kjarasamningar eru margir. Þótt aðild að stéttarfélögum sé útbreidd á Íslandi þá veldur fjöldi þeirra erfiðleikum við að ná samstöðu á vinnumarkaði.

Þátttaka Íslendinga í stéttarfélögum er ein sú mesta í heiminum.

Hlutfall launamanna í stéttarfélagi

%




- Ísland trónir á toppi OECD ríkja þegar kemur að þátttöku í stéttarfélögum.

Íslendingar slá einnig öllum við í fjölda kjarasamninga m.v. íbúafjölda.

Fjöldi launamanna á bakvið hvern kjarasamning

Meðaltal



Til eru dæmi um kjarasamninga á Íslandi sem gilda aðeins fyrir einn launmann

Launþegahreyfingin gengur ekki í takt. Stærstu verkalýðsfélögin á Íslandi eru ósammála um hvaða leið skuli fara. Annars vegar er krafa um jafnari launadreifingu, hins vegar aukinn tekjuáþata af menntun.



„BHM hefur skoðað nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands um ávinning af háskólamenntun meðal Evrópuríkjanna. Þar sést að hlutfall ráðstöfunartekna þeirra sem aðeins hafa grunnskólamenntun af ráðstöfunartekjum þeirra sem hafa háskólamenntun er hæst á Íslandi. Það þýðir að ávinningur af háskólamenntun er minnstur í Evrópu hér á landi.“

Minnisblað BHM til forsætisráðherra, 22. júní 2017




„Hann segir að á meðan grunnstoðirnar eru í molum, vaxtastigið sé eins og það er og verðtryggingin og húsnæðismálin, þá komi ekki til greina að taka launaliðinn út fyrir sviga og setja í norrænt form þegar ekkert annað er svipað því sem þekkt á Norðurlöndunum. Ræða þurfi krónutöluhækkanir, en ekki prósentuhækkanir sem nýtist síst þeim á lægstu laununum, fyrst og fremst verði horft á ráðstöfunartekjurnar.“

Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR, viðtal á RÚV, 9. mars 2018

Samband launahækkana umfram framleiðnivöxt og verðbólgu er órjúfanlegt til langs tíma

12 mánaða breyting launa og verðlags¹
(%)




Heimild: Hagstofa Íslands.

¹Laun miðast við þróun lágmarkslaunataxta 1980-1989 en svo launavísitölu 1990-2018.




Aukinn launakostnaður skilar sér út í verðlag. Ýmsir þjónustuliðir hafa hækkað um tugi prósentu vegna ríflega 25% launahækkana. Vinnuafsfrekar greinar ráða síður við miklar launahækkanir.

Laun hafa hækkað um tugi prósentu en verðbólga haldist lítil og stöðug




Uppsöfnuð breyting (%), október 2015 – október 2018

Gengisstyrking krónunnar hefur dregið úr verðbólgu



Uppsöfnuð breyting (%), október 2015 – október 2018

Ýmsir þjónustuliðir hafa hækkað um tugi prósentu



Uppsöfnuð breyting (%), október 2015 – október 2018

Í aðdraganda síðustu kjarasamninga var varað við verðbólguáhrifum samninganna.


Þau komu ekki fram... fyrr en nú



Skýring 1: Tveir jákvæðir búhnykkir á sama tíma. Batnandi viðskiptakjör á erlendum mörkuðum á sama tíma og gríðarlegur vöxtur í ferðaþjónustunni veittu viðbótarsvigrúm til launahækkana.


Búhnykkur 1: Batnandi viðskiptakjör

- vísitala, 2005 = 100



Búhnykkur 2: Útflutningur Íslendinga næstum því tvöfaldaðist



- milljónir íslenskra króna, verðlag hvers árs²



Skýring 1: Tveir jákvæðir búhnykkir á sama tíma. Batnandi viðskiptakjör á erlendum mörkuðum á sama tíma og gríðarlegur vöxtur í ferðaþjónustunni veittu viðbætur vigrúm til launahækkana.

Búhnykkur 1: Batnandi viðskiptakjör

- vísitala, 2005 = 100




¹2. ársfjórðungur 2018. 2H 2018 út frá grunnspá Seðlabanka Íslands.

²Áætlun fyrir 2H 2018 m.v. sömu hlutfallslegu skiptingu milli ársfjórðunga og árin á undan.

Skýring 2: Krónan styrktist verulega gagnvart helstu gjaldmiðlum.

Styrking krónu gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptaþjóða


- %, frá ársbyrjun 2015 til september 2018



Skýring 2: Krónan styrktist verulega gagnvart helstu gjaldmiðlum.

Styrking krónu gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptaþjóða


- %, frá ársbyrjun 2015 til september 2018



Skýring 4: Fyrirtæki brugðust við síðustu kjarasamningum með því að hagræða.

Viðbrögð fyrirtækja við auknum launakostnaði vegna kjarasamninga

Hagræðingaraðgerðir



Sagan verður ekki endurtekin. Verðbólgan mun rjúfa múrinn verði launahækkanir umfram undirliggjandi verðmætasköpun í hagkerfinu.


Fimm ástæður þess að sagan verður ekki endurtekin

- 1 Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir álíka viðskiptakjarabata og síðustu ár.
- 2 Gífurleg gengisstyrking krónunnar samfara miklum uppgangi í ferðaþjónustu mun ekki endurtaka sig.
- 3 Dreigið hefur úr vexti ferðaþjónustunnar og eru hverfandi líkur á að vöxtur hennar verði viðlíka og undanfarin ár.
- 4 Tollar og vörugjöld verða ekki afnumin í annað sinn.
- 5 Raungengi á mælikvarða launa hefur aldrei verið eins sterkt og nú. Miklar nafnlaunahækkanir munu að lokum leiða til lækkunar gengis og aukinnar verðbólgu.

Sviðsmyndagreining:

Verðbólguþróun m.v. sömu launahækkanir og árin 2014-2018

- 12 mánaða breyting vísitölu neysliverðs




Fyrirvari: Metin verðbólguáhrif byggjast á sambandi verðbólgu, nafngengis og raungengis. Niðurstaðan endurspeglar því aðeins áhrif vegna gefinna forsenda um laun og raungengisstöðu. Viðskiptakjörum er haldið föstum.

Svigrúmið er ekki mikið. Mat félagsmanna SA á svigrúmi til launahækkana liggur á bilinu 1,2-2,1%.

Meðalmat félagsmanna SA á svigrúmi til launahækkana á árinu 2019

- %



Dæmi um svör stjórnenda í könnun um svigrúm til launahækkana

„Svigrúmið í mínu fyrirtæki er ekkert. Komi til launahækkana sem einhverju nema verður óhjákvæmilegt annað en að bregðast við með fækkun starfsfólks.“


„Ferðaþjónusta á Íslandi er að lenda á vegg sökum mikilla launahækkana síðustu ára. Þetta endurspeglast í minnkandi eftirspurn erlendra gesta og fyrirtækja og er því hæpið að greinin ráði við frekari launahækkanir en verið hefur.“

„Við erum búin að fækka starfsfólki verulega vegna launahækkana, auknum launatengdum gjöldum og styrkingu krónunnar. Fluttum 11 störf til London þar sem við teljum það hagstæðara.“

Blikur á lofti. Vísbendingar eru þess efnis að hröð aðlögun hagkerfisins sé nú þegar hafin.


Væntingar heimila og fyrirtækja eftir 6 mánuði

- Vísitala = 100 þá eru jafnmargir svartsýnir og bjartsýnir



Samband innlestrar eftirspurnar og gengis krónunnar

- Ársbreyting frá 1F 1998 – 2F 2018



Lærum af reynslunni. Varnaðarorð heyrast úr öllum áttum.



Háskólasamfélagið



Seðlabankinn



Ríkisstjórnin



Greiningardeildir

Svigrúm til launahækkana minna en árið 2015
© 24.08.2018 - 17:59 | Innlent | Kjarnal

„Landið er orðið það dýrt að það er ekki hægt að hækka laun yfir linuna núna“
Sylvía Hall skrifar | 9. september 2018 13:08

INGVAR DÖR BJÖRNSSON
Fréttastofa RÚV
Senda skilaboð

Ekki heppilegt að fara fram á kjarabætur á enda hagsveiflunnar
Ásgeir Jónsson dósent í hagfræði við Háskóla Íslands segir að það hafi aldrei heppnast hjá verklyðsfélögum að fara fram á miklar kjarabætur á þeim tímum þegar hagkerfið er á enda hagsveiflunnar og á leið í niðursveiflu, eins og staðan sé núna.

© 64 | 24. október 2018 | 18:40 | 6:01 | FRETTE

Óhagstæð skilyrði þrengi svigrúm til launahækkana
Summa Semundsdóttir skrifar | 3. október 2018 12:45

Lögmál að laun geta ekki hækkað umfram framleiðni aukningu
Þorbjörn Þorðarson skrifar | 23. október 2018 18:30

Rannveig Sigurðardóttir aðstoðarseðlabankastjóri segir það lögmál að laun sem hafa verið leiðrétt fyrir verðbólgu geti til lengdar ekki hækkað umfram framleiðni aukningu í hagkerfinu.

Rás 1 og 2
Kvöldfréttir 18:00
Fréttamaður: Kristín Sigurðardóttir
Fréttamaður: Arnhildur Hálfánardóttir
Tími: 00:00:43

Segir ekki mikið svigrúm til launahækkana
Forsætisráðherra segir að bent hafi verið á að ekki sé mikið svigrúm til launahækkana. Starfsgreinasambandið vil að lágmarkslaun verði hækkuð í 425 þúsund krónur.

„Nokkuð stórkaralegar“ kröfur um skattleysi
© 23.10.2018 - 19:10 | innlent

VALGEIR ÖRN RAGNARSSON
Fréttastofa RÚV

Bjarni Ben:
„Svigrúm til launahækkana er orðið lítið sem ekkert“
– Segir kröfur verklyðsleiðtoga „með ólíkindum“
Ritstjórn Eyjunnar
Þriðjudaginn 31. júlí 2018 10:16

Vaxtahækkun og auknið atvinnuleysi
Vísiskipti | mbl | 31.10.2018 | 9:45 | Uppfært 10:23

Segja komið að vatnaskilum í hagsveiflunni
Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að verulega muni hægja á hagvexti á næstu árum eftir kröftugan vöxt undanfarin ár.

„Það er að snöggkólna í hagkerfinu“
Dökkar horfur eru teiknaðar upp í nýrri hagspá greiningardeildar Arion banka fram til ársins 2021 sem birt var í dag. Greiningardeildin spáir því að verðbólga fari vfir 4 prósent strax á næsta ári. Að hennar miðaðu er áhættuþættir í hagkerfinu.

Hagkerfið snöggkólni í 1,3% hagvöxt
Arion banki spáir því að hratt hægist á hagvexti vegna aukinnar óvissu og svartsýni og hann verði jafnhár og var 2012.





Helstu einkenni íslensks vinnumarkaðar




Helstu einkenni núverandi hagvaxtarskeiðs

Óvenjulangt hagvaxtarskeið. Núverandi hagvaxtarskeið er eitt það lengsta í sögunni.

Hagvöxtur frá 1946

- % raunbreyting á landsframleiðslu




Óslitin hagvaxtarskeið¹

1946-1948	3 ár
1953-1956	4 ár
1958-1960	3 ár
1962-1966	5 ár
1969-1974	6 ár
1976-1982	7 ár
1984-1987	4 ár
1990	1 ár
1993-1994	2 ár
1996-2001	6 ár
2003-2008	6 ár
2011-2018	8 ár


Útflutningsdrifinn hagvöxtur. Gjaldyrstekjur þjóðarbúsins hafa staðið undir innlendri neyslu og því hefur ekki verið þörf á erlendri skuldsetningu. Tekjur af útfluttri þjónustu hafa tvöfaldast frá árinu 2010.

Landsframleiðsla, innlend eftirspurn og þjónustuútflutningur

Vísitala = 100 árið 2010




Hlutfallsleg skipting útflutnings



Óskuldsett uppsveifla. Á núverandi hagvaxtarskeiði hefur verið viðvarandi viðskiptaafgangur og skuldir greiddar niður. Hrein erlend eignastaða þjóðarbúsins er 10% af landsframleiðslu.


Viðskiptajöfnuður Íslands

Hlutfall af VLF



Hrein erlend staða Íslands


Hlutfall af VLF



Ein bestu lífskjör í heimi. Lífskjör á Íslandi hafa batnað um 20% á síðustu 7 árum og raðar sér meðal efstu sæta. Lítil erlend skuldsetning veldur því að þorri tekna verður eftir innanlands.

Verg landsframléiðsla á mann, kaupmáttarleiðrétt


- á föstu verðlagi í dollurum (þús.)



Heimili hafa notið góðs af sterkri efnahagslegri stöðu. Þrátt fyrir verulegar launahækkanir hefur verðbólga haldist lítil og skilað kjarabótum til heimila.


2011-2018: Launakostnaður á starfandi

- meðaltal ársbreytinga



2011-2018: Kaupmáttur launa

- meðaltal ársbreytinga



Blikur á lofti. Markaðir bregðast við óvissu. Frá júní 2018 hefur verðbólgaálag hækkað og krónan veikst.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

- frá janúar 2016 – nóvember 2018



Gengisvísitala krónunnar


- frá janúar 2017 – nóvember 2018



Við missum vanalega tókin á toppi hagsveiflunnar.

Hagvöxtur


Raubreyting landsframleiðslu milli ára



Við missum vanalega tökin á toppi hagsveiflunnar. Gengi krónunnar fellur í kjölfarið.

Hagvöxtur


Raubreyting landsframleiðslu milli ára



Lærum af sögunni. Launahækkarnir umfram undirliggjandi verðmætasköpun eru aldrei sjálfbærar til lengdar. Á endanum mun slíkt ójafnvægi leiðréttast.

Raunlaun og framleiðni


Vísitala = 100 árið 1991




Launakostnaður hefur vaxið úr öllu samræmi við nágrannabjóðir. Þróun síðustu ára kemur nú fram af fullum þunga og hefur áhrif á samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja.

Raugengi

Á mælikvarða launa, vísitala = 100 árið 1991



Ísland er aðeins dropi í haf heimshagkerfisins: Samkeppnishæfni ákvarðar lífskjör




Norðurlönd
Ísland

Heimild: OECD

Efnahagsleg hagsæld byggir á vexti útflutningsgreina. Til að varðveita núverandi stöðu þá þurfa útflutningstekjur að aukast með stækkandi hagkerfi.

Vöxtur útflutningstekna ef viðhalda á 3% hagvexti til ársins 2037

Milljónir íslenskra króna (á verðlagi ársins 2017)



Ef viðhalda á 3% hagvexti á næstu árum án þess að auka skuldsetningu þá þarf að tvöfalda útflutning á næstu 20 árum.

Útflutningur þarf því að vaxa um 1.000 milljarða króna.

Nýr útflutningur

- Spurningin er hins vegar hvernig hægt sé að tryggja þennan vöxt útflutningsverðmæta og hvaðan hann eigi að koma?

Alþjóðageirinn

- Hefur verið lítil vöxtur. Talsverð tækifæri til að auka útflutning.

Ferðaþjónusta

- Takmarkaðar náttúruauðlindi setja vexti greinarinnar skorður.
- Tækifæri til að auka verðmætasköpun greinarinnar.

Ál og sílikon

- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður.


Sjávarafurðir

- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður. Áfram tækifæri til aukinnar framleiðni.

Hagstætt rekstrarumhverfi er forsenda þess að unnt sé að bæta lífskjör. Til lengri tíma skiptir hagvöxtur mestu máli fyrir þróun lífskjara, við getum tvöfaldað þau á 70 árum eða á 12 árum.

Hversu mörg ár tekur að tvöfalda lífskjör þjóðarinnar?

Miðað við mismunandi forsendur um árlegan hagvöxt



Markmiðið að hámarka lífskjör þjóðarinnar

- Lífskjör á Íslandi eru meðal þeirra bestu í OECD.
- Lífskjör þjóðarinnar ráðast af ýmsum þáttum, undirliggjandi verðmætasköpun sem á sér stað í hagkerfinu og t.a.m. atvinnustigi og vaxtastigi.
- Til langs tíma skiptir hagvöxtur mestu máli til að bæta lífskjör þjóðarinnar. Hagstætt rekstrarumhverfi fyrirtækja er því forsenda þess að unnt sé að bæta lífskjör.

➤ Miðað við 1% árlegan hagvöxt þá tekur **70 ár** að tvöfalda lífskjör landsmanna.

➤ Miðað við 6% árlegan hagvöxt þá tekur **12 ár** að tvöfalda lífskjör landsmanna.

Prófsteinninn framundan

